

Almannavarnanefnd höfuðborgarsvæðisins (AHS)

Fundargerð 32. fundar
Reykjavík, 20. febrúar 2015

Föstudaginn 20. febrúar 2015 var haldinn þrítugasti og annar fundur í Almannavarnanefnd höfuðborgarsvæðisins (AHS). Fundurinn var haldinn í Björgunarmiðstöðinni Skógarhlíð og hófst hann kl. 08.00.

Viðstaddir voru:

S. Björn Blöndal	Reykjavík
Halldór Halldórsson	Reykjavík
Ármann Kr. Ólafsson	Kópavogi
Theódóra Þorsteinsdóttir	Kópavogi
Gunnar Einarsson	Garðabæ
Haraldur L. Haraldsson	Hafnarfirði
Guðlaug Kristjánsdóttir	Hafnarfirði
Ásgerður Halldórsdóttir	Seltjarnarnesi
Haraldur Sverrisson	Mosfellsbæ
Eva Magnúsdóttir	Mosfellsbæ
Adam B. Finnsson	Kjósarhreppi
Sigríður Björk Guðjónsdóttir	Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu
Jón Viðar Matthíasson	Framkvæmdastjóri AHS
Birgir Finnsson	Varaslökkviliðsstjóri
Ásgeir Þ. Ásgeirsson	Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu

Áheyrnarfulltrúi var Magnús J. Magnússon frá Rauða krossinum og Haukur Harðarson frá Björgunarsveitum, svæði 1. Björn Oddsson frá Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra sat fundinn undir lið 3.

Fundarstjóri: Ármann Kr. Ólafsson
Fundarritari: Birgir Finnsson

1. Fundargerð síðasta fundar

Engar athugasemdir höfðu borist við fundargerð síðasta fundar.

Eftirfarandi lagt fram:

- Fundargerð 31. fundar AHS, 16. janúar 2015.

Afgreiðsla: Fundargerð samþykkt.

2. Neyðarstjórnir sveitarfélaganna

Birgir Finnsson fór yfir störf vinnuhóps um neyðarstjórnir sveitarfélaganna og æfingar fyrir neyðarstjórnirnar í mars. Einnig kynnti hann leiðbeiningar vinnuhópsins varðandi húsnæði og aðstöðu fyrir neyðarstjórnirnar. Þær verða sendar til nefndarmanna með fundargerðinni.

Afgreiðsla: Kynning.

3. **Almannavarnir, almannavarnadeild ríkislögreglustjóra**

Björn Oddson frá almannavarnadeild ríkislögreglustjóra fór almennt yfir skipulag almannavarna, lög og reglugerðir og hlutverk almannavarnanefnda og sveitarfélaganna.

Afgreiðsla: Kynning.

Fundi slitið kl. 09.05.

Næsti fundur verður 20. mars kl. 08:00.

Fylgiskjöl, voru send rafrænt með fundarboði en ekki dreift á fundinum:

- Fundargerð 31. fundar AHS, 16. janúar 2015